

100. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili, 20. febrúar 2019 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Elsa Lára Arnardóttir varaformaður, Einar Brandsson aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1809207 - Bjarg íbúðafélag hses samkomulag um samstarf vegna útleigu

Drög að samkomulagi liggur fyrir, milli Akraneskaupstaðar og Bjargs íbúðafélags hses, um samstarf vegna útleigu á íbúðum. Samkomulagið er í samræmi við yfirlýsingu Akraneskaupstaðar um úthlutun á lóðum til Bjargs íbúðafélags hses. til uppbyggingar á 33 íbúðum á árunum 2018-2019.

Lagt fram til kynningar, afgreiðslu frestað.

2. 1809206 - Þroskahjálp Húsbyggingasjóður - samningur um uppbyggingu

Akraneskaupstaður samþykkti að ganga til samning við Húsbyggingasjóð Þroskahjálpar um uppbyggingu á leiguhúsnæði á Akranesi. Samþykkt var stofnframlag (12% 4%, samtals 16% af byggingarkostnaði) samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir vegna byggingu íbúða ætlaðar fötluðu fólki ásamt viðbótarrými vegna fötlunar íbúa. Jafnframt sótti Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar um stofnframlag til Íbúðalánasjóðs. ÍLS samþykkti stofnframlag sem hlutfall af stofnvirði samtals kr. 30.731.393 eða 18% auk 4% viðbótarframlag.

Lagt fram til kynningar.

3. 1811035 - Almennar íbúðir fyrir fatlaða einstaklinga - stofnstyrkur til Brynja hússjóður

Akraneskaupstaður samþykkti að ganga til samning við Brynju Hússjóð Öryrkjabandalagsins um kaup á leiguhúsnæði á Akranesi. Samþykkt var stofnframlag fjárhæð 18,0 mkr. á árinu 2019, samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um stofnframlög frá árinu 2016. Jafnframt sótti Brynja Hússjóður um stofnframlag til Íbúðalánasjóðs. ÍLS synjaði umsókn Brynju Hússjóðs um stofnframlag.

Brynja Hússjóður áætlaði að kaupa fimm tveggja herbergja íbúðir.

Lagt fram til kynningar.

4. 1810019 - Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.

*Gerður Jón. Jóhannsdóttir
Einar Brandsson*